



## Fundargerð

**410. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 miðvikudaginn 21. júní 2017. Þetta er 7. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 9 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá

Viðbót við dagskrá:

### II. Fundargerðir til samþykktar

8. 23. Fundargerð Umhverfis- og náttúruverndarnefndar. 12.06.2017

### III. Fundargerðir til kynningar

6. Fundargerð aðalfundar Skógasafns. 19.06.2017

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

### Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum

*Lokið var við aðstöðu fyrir eldri borgara á neðri hæð Klausturhóla á dögnum og er starfið þar komið í gang. Umhverfisstofnun verður með landvörð á suðaustursvæði út september sem jafnframt hefur eftirlit með Fjaðrárgljúfri. Sameiningarnefnd fundaði á Höfn í byrjun júní. Sveitarstjóri fór ásamt sveitarstjóra og oddvita Mýrdalshrepps á fund Menntamálaráðherra þar sem farið var yfir heimavistarmálefni FSU og möguleika á úrbótum. Símafundur var haldinn í verkefnisstjórn Skaftárhrepps til framtíðar. Sveitarstjóri átti fund með starfsmanni Landmótunar vegna tillögu að landaskiptum óskipts lands á Kirkjubæjarklaustri. Óskað hefur verið eftir að sendar verði inn athugasemdir við tillöguna fyrir 1. ágúst nk.*

### Dagskrá

#### I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1604039 Kjör oddvita og varaoddvita

*Eva Björk Harðardóttir er kjörin oddviti með þremur atkvæðum EBH, BG og HGÁ, SG og JG sitja hjá. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir er kjörin varaoddviti með þremur atkvæðum EBH, BG og HGÁ, SG og JG sitja hjá.*

2. 1706010 Sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi – fyrri umræða.

*Sveitarstjórn fagnar því að unnið sé að samræmdri lögreglusamþykkt fyrir umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi. Samþykktinni vísað til síðari umræðu.*

3. 1706003 Samningur við félag eldri borgara um aðstöðu fyrir félagsstarf. Sveitarstjórn staðfestir samninginn.

4. 1612009 Rekstraryfirlit 4ra mánaða staða Rekstur sveitarfélagsins er á áætlun.



5. 1706016 Skólaakstur Kirkjubæjarskóla

*Sveitarstjóra falið að ganga til samninga til þriggja ára við núverandi skólabilstjóra. Verðbætur munu reiknast að 50% samkvæmt launavísitölu og 50% samkvæmt undirvísitölu vísitölu neysluverðs (072) rekstur bifreiða.*

6. 1610010 Viðauki 3 við fjárhagsáætlun 2017

*Sveitarstjóri leggur til eftirfarandi viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2017;*

*Útsvarstekjur hækka úr 222.760 þús.kr. í 238.000 þús.kr. í samræmi við niðurstöður ársins 2016 og fjölgun íbúa sveitarfélagsins.*

*Útgjaldajöfnunarframlag hækkar úr 43.519 þús.kr. í 48.567 þús.kr.*

*Útgjöld til fræðslumála aukast um 839 þús.*

*Fjárfesting hækkar um 745 þús.kr. vegna neðri hæðar Klausturhóla*

*Fært á milli liða 52 þús.kr. af 5516 Klausturvegur íbúð neðri á lið 5517 Klausturvegur íbúð efri.*

*Lagfæringar á gangstéttum og kantsteinum 1.000 þús.kr. liður 3100*

*Rekstrarútgjöld A-hluta aukast um 1839 þús.kr*

*Fjárfesting aukin um 745 þús.kr*

*Rekstrartekjur A-hluta aukast um 20.288 þús.kr.*

*Auknum útgjöldum er mætt með auknum tekjum*

*Sveitarstjórn samþykkir viðaukann.*

## II. Fundargerðir til samþykktar

1. 1706002 129. fundargerð skipulagsnefnar dags.20.06.2017

### **2.Eldhraun ehf. sækir um stöðuleyfi í landi Syðri-Steinsmýri málsnr 1705020.**

Jón Hrafn sækir um stöðuleyfi fyrir Eldhraun ehf fyrir þrjá 20ft gáma í landi Syðri-Steinsmýri í Meðallandi landnr 186342, gámarnir eru hugsaðir sem íverustaður tímabundið, þvottahús og geymsla. Staðsetningar gáma fylgja með á mynd.

***Samþykkt. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.***

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.*

### **3. Rannveig Ólafsdóttir sækir um stofnun lóðar í Mörtungu málsnr 1706004.**

Rannveig Ólafsdóttir kt:240184-2229 sækir um stofnun lóðar úr landi Mörtungu 2 Landnr 163412 fyrir lóð að Mörtungu 2B landnúmer 225393.

***Samþykkt. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu***

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.*

### **4.Magnús Þorfinnsson sækir um stofnun lóðar fyrir gestastofu í landi Hæðargarðs málsnr 1603012.**

Magnús Þorfinnsson sækir um stofnun lóðar fyrir gestastofu í upprunalandi hæðargarðs landnr 163379, nýja landheitið verður S-12. Umsókn er í samræmi við deiliskipulag svæðisins.

***Samþykkt. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu***

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.*





- 5. Magnús Þorfinnsson sækir um leyfi fyrir stofnun lóða í Hæðargarði svæði 1 og 2 málsnr 1706005.** Magnús Þorfinnsson sækir um að stofna lóðir úr upprunalegri landeign Hæðargarðs landnr 163379 um er að ræða tvær lóðir svæði 1 og svæði 2.

**Hafnað. Umsókn um lóðarstofnun er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag svæðisins.**

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.*

- 6. Steinkápa sækir um byggingarleyfi í landi Hemrumörk málsnr 1608007.**

Steinkápa kt:480503-3250 sækir um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi og tveimur frístundarhúsum í Hemrumarkar landnr 163356 samkvæmt deiliskipulagi. Um er að ræða íbúðarhús að stærð 214.8m<sup>2</sup> á einni hæð steypdir sökkjar og timbur þak verður klætt með torfi. Tvö frístundarhús 50.3m<sup>2</sup> Þakið verður klætt með heillímdum asfaltdúk, sökkjar eru steypdir, Burðarvirki er timbur, útveggir timbur.

**Nefndin samþykkir að veitt verði byggingarleyfi fyrir viðkomandi byggingum eftir að deiliskipulag svæðisins hefur tekið gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda.**

**Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.**

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.*

- 7. Viðar Björgvinsson sækir um byggingarleyfi í landi Grundar málsnr 1706006.**

Viðar Björgvinsson kt:230791-2579 sækir um byggingarleyfi í landi Grund landnr 218493, Um er að ræða tvö smáhýsi að stærð 24.3m<sup>2</sup> Jökulhús, hönnuð af Árna Gunnari Kristjánssyni. Húsin verða á steypum sökkli, veggir og þak verða úr timbri.

**Samþykkt. Nefndin mælist þó til þess landamerki Grundar og Melhóls verðir könnuð auk þess sem samráð verði haft við vegagerðina um tengingu frá Meðallandsvegi að húsum áður en byggingarleyfi verður gefið út. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.**

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.*

- 9. Hótel Tunga landskipti og spilda málsnr 1705006.**

Þórarinn Kristinsson fh. IGC ehf. Kt.700710-0170 sækir um landskipti í landi Tungu. Um er að ræða stofnanir lóða úr landi Tungu. Annarsvegar lóðar úr upprunalandi 163641 Tunga/Tungulax alls 13,8 ha sem mun bera heitið Tunga-Hótel. Stofnun lóðar úr upprunalandi landnr. 221411 Tunga V1 alls 3214 m<sup>2</sup>. Stofnun lóðar úr upprunalandi 215746 Tunga/Tungulækur alls 1 ha sem ber heitið Tunga/Skaftá. Eftir stofnun lóða Tunga Hótel og minnkun lóðar 221411 verða þær lóðir sameinaðar undir landnúmeri 221411 Tunga alls 15.5 ha. Lóð stofnuð úr 221411 verður sameinuð Tungu/Tungulax 163641 sem verður 71,5 ha. að sameiningu lokinni.

**Samþykkt. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.**

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.*

- 10. Sigurður Árnason sækir um byggingarleyfi í landi Snæbýli 1A málsnr 1706007.**

Sigurður Árnason kt 090275-4689 sækir um byggingarleyfi í landi Snæbýli 1A landnr 163450, Um er að ræða 27m<sup>2</sup> orlofshús í notkunarflokki 4, undirstöður eru steypar, veggir og þak eru úr timbri, hönnuður er Effort teiknistofa.

**Samþykkt. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.**

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.*





## **11. Ragnar Jónsson sækir um landskipti í landi Dalshöfða málsnr 1705016.**

Ragnar Jónsson kt:150248-4509 sækir um landskipti vegna sölu úr landi Dalshöfða landnr 163315 Ný spilda undir „Dalshöfði-gistiheimili“ verður 5.99 ha eða 59857m<sup>2</sup>.eftir skiptingu.

***Samþykkt. Nefndin bendir á að frekari uppbygging á ferðaþjónusta innan lóðarinnar er háð skilgreiningu á verzlunar og þjónustusvæði innan hennar og deiliskipulagningu. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.***

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.*

## **12. Skipulagsmál Efri-Víkur lagt fram til afgreiðslu málsnr 1606004**

*Eva Björk Harðardóttir oddviti lýsir yfir vanhæfi og vikur af fundi. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir varaoddviti tekur við stjórn fundarins.*

Lögð er fram umsögn Heilbrigðiseftirlitis Suðurlands vegna deiliskipulags Efri-Víkur auk athugasemda sem bárust frá landeigendum Syðri-Víkur eftir að athugasemdafrest skipulagsins lauk. Lagt fram til afgreiðslu fyrir gildistöku.

***Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerði eina athugasemd er varðar fjölda rotþróa innan svæðis. Nefndin mælist til þess að tekið verið tillit til athugasemdar heilbrigðiseftirlits innan skipulagstillögu eftir því sem möguleiki er á. Nefndin bendir þó á að þar sem byggðin er nokkuð dreifbýl innan skipulagsins geti reynst erfitt að hafa sameiginlega fráveitu í öllum tilfellum.***

***Athugasemdir bárust frá landeigendum Syðri Víkur Einari S. Magnússyni og Jóhönnu Hönnu Hilmarsdóttir eftir að athugasemdafrest auglýsts skipulags lauk. Helstu athugasemdir voru eftirfarandi:***

***Ekkert samráð hefur verið haft við landeigendur Syðri-Víkur vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga.***

***Svar:*** Skipulagsnefnd telur að eigendur Syðri-Víkur hafi haft allar forsendur til að kynna sér málið enda hafi það verið kynnt á opinberum vettvangi með auglýsingu í staðarblaði, fréttablaði á landvísu, lögbirtingablaði og á heimasíðu sveitarfélagsins á öllum stigum málsins. Auglýstur var sérstaklega opinn fundur á skrifstofu skipulags og byggingarfulltrúa auk þess sem haldinn var sérstakur opinn skipulagsdagur í Skaftárhreppi þar sem skipulagstillögur voru kynntar í erindum frá skipulagsfulltrúa og Landmótun á meðan á auglýsingatíma stóð. Fyrir þann tíma var einnig auglýst lýsing aðalskipulagsbreytingar. Ferill tillögunnar hefur verið í vinnslu frá því í júní 2016 án þess að á nokkrum tímamarki hafi borist ein athugasemd vegna málsins utan umsagnaraðila þess þrátt fyrir að það hafi verið auglýst ítrekað og tekið fyrir í skipulagsnefnd og sveitarstjórn þrisvar áður en að málið var samþykkt til auglýsingar. Skipulagsnefnd hafnar því alfarið að eigendum Syðri-Víkur hafi ekki staðið til boða að kynna sér málið eða gera athugasemdir við það á meðan athugasemdafrestur var í gildi.

***Í deiliskipulagi er farið inn á landareign Syðri-Víkur.***





*Brugðist hefur verið við athugasemd innan deiliskipulags og er vegtenging felld út þar sem hún kemur inn á land Syðri-Víkur. Nefndin bendir þó á að viðkomandi vegtenging telst vera innan veghelgunarsvæðis Vegagerðarinnar. Engar athugasemdir voru gerðar að hálfu Vegagerðarinnar vegna málsins.*

***Syðri-Vík er landbúnaðarjörð, nýjar íbúðarlóðir munu hafa í för með sér aukna umferð, bíla, fólk og hunda innan svæðisins sem mun hafa bein áhrif á landbúnaðarnotkun jarðarinnar.***

*Fyrir var á svæðinu var skipulögð frístundabyggð ef frá er talin lóð austan vegar. Skipulagsnefnd telur að aukin umferð innan svæðisins verði hverfandi og mundi á engan hátt skerða möguleika landeigenda Syðri Víkur til landbúnaðarnota á sinni jörð. Þar sem gert er ráð fyrir starfsmannahúsum var áður golfvöllur en honum fylgdi umferð gangandi fólks.*

***Landbrotshólar er stærsta gervígabyrping á Íslandi og njóta þeir sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum.***

*Nefndin bendir á að fyrir á svæðinu þar gervígiga er að finna var skipulögð frístundabyggð. Helsta breytingin er því sú að fólki er gefinn kostur á að skrá lögheimili sín innan byggðarinnar. Nýjar lóðir eru allar innan gamalla túna sem hætt er að nota eða á fyrrum golfvelli sem er jafnframt hætt að nota þar sem engir gervígigar eru.*

***Vatnsvernd innan svæðisins og áhyggjur af mengun á neysluvatni.***

*Samkvæmt upplýsingum skipulagsnefndar og í samræmi við greinargerð skipulagsins er neysluvatn svæðisins tekið úr borholu vestan við íbúða- og frístundasvæði. Samkvæmt heimildum nefndarinnar er sú borhola nýtt sameiginlega af Syðri Vík og ábúanda Eystridalbæ. Nefndin telur því að ekki sé hætt á mengum á neysluvatni m.v. þá staðsetningu auk þess sem heilbrigðiseftirlit gerir engar athugasemdir við vatnsvernd svæðisins innan umsagnar sinnar. Borholan og vatnsverndarsvæði hennar er skilgreint í aðalskipulagi Skaftárhrepps og eru enginn mannvirki innan þess.*

***Ekki er tekið tillit til landeigenda Syðri-Víkur er varðar staðsetningu lóða og húsa m.t.t. útsýnis.***

*Skipulagssvæðið er allt innan jarðar Efri-Víkur þótt svo að það liggi að landamörkum eins fram kemur í umsögn. Útsýni frá Syðri Vík er ekki talið spillast verulega þótt svo að byggt verði innan lóðar Sólvalla 1. Verkefnastjóri skipulags og byggingarmála fór í vetvangsferð á staðinn og tók myndir sem sýna hvar talið er að útsýni muni spillast. Á þeirri mynd má sjá að núverandi sjónsvið frá Syðri Vík að lóð Sólvalla 1 skerðist lítið en tekur þó að einhverju leyti yfir sjónsvið að þremur gervígigum. Sjónsvið að fjöllum til norðurs og austurs skerðist að öðru leyti ekki. Nefndin telur að önnur staðsetning hússins nær núverandi byggð að Efri-Vík hefði að öllum líkindum skert útsýni meira frá Syðri Vík. Lögð er fram ljósmynd sem fylgigagn. Sú aukna umferð eða grenndaráhrif sem fram eru talin í umsögn eru talin óveruleg umfram hótél sem er nú þegar innan nágrannajarðar og frístundabyggð sem var fyrir innan Efri-Víkur. Skipulagsnefnd er ekki kunnugt um að landeigendur Syðri Víkur hafi gert athugasemd við þær skipulagsáætlanir á sínum tíma þótt svo að sú breyting hafi verið mun umfangsmeiri en sú sem um ræðir í viðkomandi deiliskipulagsáætlun. Skipulagsnefnd telur að*



*breytt notkun lóða frístundabyggðar í íbúðarbyggð að hluta hafi ekki þau miklu grenndaráhrif sem tiltekin eru í athugasemd. Hún muni þvert á móti verða til þess að meira líf verði á svæðinu með hóflegri fjölgun íbúa innan þess sem hafa jafnfram heimild til uppbyggingar á minni úthúsum innan sinna lóða vestan landbrotsveggar og verða því lóðir hugsanlega nýttar að hluta til fyrir tómstundabúskap.*

*Nefndin hafnar því að hætt verði við deiliskipulagningu svæðisins enda sé það í samræmi við aðalskipulagsbreytingu sem hefur fengið staðfestingu skipulagsstofnunnar til gildistöku í B-deild stjórnartíðinda.*

***Mælt er til þess að skipulagstillaga taki gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda í samræmi við 42.gr.skipulagslaga nr. 123/2010 eftir yfirferð skipulagsstofnunnar. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.***

*Eva Björk Harðardóttir oddviti kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.*

### **13. Skipulagsmál Tunga lagt fram til afgreiðslu málsnr 1608009**

Lögð er fram umsögn Heilbrigðiseftirlitis Suðurlands vegna deiliskipulags Tungu. Lagt fram til afgreiðslu fyrir gildistöku.

***Tekið hefur verið tillit til athugasemda heilbrigðiseftirlits innan deiliskipulagstillögu.***

***Mælt er til þess að skipulagstillaga taki gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda í samræmi við 42.gr.skipulagslaga nr. 123/2010 eftir yfirferð skipulagsstofnunnar.***

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir Sveitarstjórn.*

4. 1706011 69. fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar. 25.05.2017

2.Íþróttavöllur á Klaustri í framtíðinni

Reiturinn sem er áætlaður undir íþróttavöll á Klaustri er ekki nógu stór til að rúma löglegan fótboltavöll. Viljum við beina því til sveitastjórnar Skaftárhrepps að huga að því að stækka reitinn til að hægt sé að ná löglegum velli

*Sveitarstjórn felur skipulagsnefnd að vinna málið áfram.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir Sveitarstjórn.*

5. 1701001 150. fundargerð fræðslunefndar. 30.05.2017

### **Kirkjubæjarskóli á Síðu**

#### **2.Starfsmannahald**

b) Ráðning skólaritara

Fræðslunefnd fer þess á leit við sveitarstjórn Skaftárhrepps, að ráðinn verði skólaritari við Kirkjubæjarskóla í 50% stöðu, sem taki gildi við upphaf næsta skólaárs (2017-2018)

Greinargerð:

Á síðustu árum hefur vinnuálag aukist til muna á skólastjórnendum og kennara í grunnskólum, vegna breyttra vinnuaðstæðna og aukinna krafna í áætlan- og





skýrslugerð. Staðan getur einnig nýst til framtíðar vegna færslu sveitarstjórnarskrifstofu inni skólahúsnaðið.

*Sveitarstjórn tekur undir að breytt rekstrarumhverfi grunnskólans kallar á aukioð stöðugildi við skólann. Sveitarstjórn samþykkir ráðningu skólaritara og felur sveitarstjóra að útbúa viðauka við fjárhagsáætlun 2017. Skólastjóra og formanni fræðslunefndar falið að útfæra starfslýsingu skólaritara.*

## **Fræðslunefnd**

### **1. Menntastefna**

Menntastefna lögð fram. Stefnan samþykkt af fræðslunefnd og vísað til sveitarstjórnar. Sveitarstjórn fagnar því að vinnu við menntastefnu sveitarfélagsins sé nú lokið og þakkar öllum þeim sem komið hafa að mótun menntastefnunnar. Sveitarstjórn samþykkir Menntastefnu Skaftárhrepps og telur að vel hafi tekist til við gerð hennar.

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir Sveitarstjórn.*

6. 1606028 Sameiginlegur fundur Héraðsnefndar Rangæinga og Héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu. 08.05.2017

### **2. Málefni Skógasafns.**

Sverrir Magnússon framkvæmdastjóri Skógasafns var gestur fundarins undir þessum lið. Sverrir greindi frá því að fjölgun hefði orðið í gestakomum á Skógasafn og að gestir dreifðust meira yfir árið en áður var. Nýtt anddyri við safnið er að verða fullgert og verður tekið í notkun á næstunni. Ríkissjóður hefur gert Skógasafni tilboð um að kaupa byggingar Skógaskóla fyrir kr. 150.000.000,- Verði af kaupum er fyrirhugað að selja húsin aftur undir starfsemi sem gæti fallið vel að starfsemi Skógasafns. Héraðsnefndirnar veita stjórn Skógasafns heimild til að ganga til samninga við Ríkissjóð um kaup á húsunum. Ákvörðunin er háð samþykki sveitarstjórna í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum.

*Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir fyrir sitt leyti að veita stjórn Skógasafns heimild til að ganga til samninga við Ríkissjóð um kaup á húsunum.*

*Aðrir liðir fundargerðir kynntir Sveitarstjórn.*

7. 1605016 10. fundargerð atvinnumálanefndar. 19.06.2017

### **1) Mótun á reglum um leiguhúsnaði á almennum markaði í eigu Skaftárhrepps, skv. beiðni sveitarstjórnar.**

Lögð fram drög að reglum um úthlutun á leiguhúsnaði í eigu Skaftárhrepps (sjá fylgiskjal). Nefnin kemur til með að vinna áfram með regludrögin eftir umfjöllun og athugasemdir sveitarstjórnar og í kjölfar þess senda þær lögfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga til yfirllesturs. Að því loknu mun atvinnumálanefnd gera lokatillögu til sveitarstjórnar að reglum þessum.

*Sveitarstjóra falið að koma athugasemdum sveitarstjórnar til formanns atvinnumálanefndar.*



*Aðrir liðir fundargerðar kynntir Sveitarstjórn.*

8. 23. fundargerð Umhverfis- og náttúruverndarnefndar. 12.06.2017

## 1. Merkingar til ferðamanna

Umhverfis- og Náttúruverndarnefnd kallar eftir því að sveitarstjórn beiti sér fyrir því að Umhverfisstofnun, Katla jarðvangur og Vatnajökulsþjóðgarður samræmi merkingar og staðsetningar á áningarstöðum innan sveitarfélagsins. Einkum vegna banns á gistingu utan merktra tjaldstæða. Jafnframt lýsir Umhverfis- og Náttúruverndarnefnd áhyggjum sínum yfir því að ferðamenn gisti á veghelgunarsvæðum og áningarstöðum í sveitarfélaginu. Sér í lagi, hefur nefndin áhyggjur af öryggi ferðamanna á Mýrdalssandi sem er rýmingarsvæði vegna hugsanlegs Kötlugoss. Þá vekur nefndin athygli á því að rýmingaráætlun vegna Kötlugoss hefur ekki verið uppfærð með tilliti til stóraukins ferðamannafjölda.

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda erindi til ofangreindra stofnanna vegna málsins.*

## 2. Salerni á þjóðvegum í sveitarfélaginu

Umhverfis- og Náttúruverndarnefnd fagnar því að Vegagerð Ríkisins hafi komið upp þurrsalernum á áningarstöðum Vegagerðarinnar. Þó vill nefndin benda að ekkert samráð var haft við sveitarfélagið né landeigendur við uppsetningu þessara salerna. Eðlilegt er að staðsetning salerna og viðeigandi merkingar séu í samræmi við stefnu sveitarfélgsins um áningarstaði og gistingu utan þéttbýlis. Nefndin hvetur sveitarstjórn um að finna leiðir til úrbóta á þessu máli.

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ræða við Vegagerðina vegna málsins.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir Sveitarstjórn.*

## III. Fundargerðir til kynningar.

1. 179. fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands. 12.05.2017. *Fundargerð kynnt.*
2. 519. fundargerð stjórnar SASS. 05.05.2017. *Fundargerð kynnt.*
3. 520. fundargerð stjórnar SASS. 31.05.2017. *Fundargerð kynnt.*
4. 44. Fundargerð félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafelssýslu. 23.05.2017. *Fundargerð kynnt.*
5. 1603022 Fundargerð verkefnisstjórnar SF. 14.06.2017. *Fundargerð kynnt.*
6. Fundargerð aðalfundar Skógasafns. 19.06.2017. *Fundargerð kynnt.*

## IV. Annað kynningarefni.

1. 1706015 Tilkynning um stjórnarsýslukæru. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. 01.06.2017. *Kynnt*
2. 1603022 Áframhald samstarfsverkefnisins „Skaftárhreppur til framtíðar“. Kirkjubæjarstofa. 24.05.2017. *Kynnt*
3. 1603005 Eftirfylgni með framkvæmd umbóta Leikskólans Kærabæjar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 13.06.2017. *Kynnt*
4. 1606001 Eftirfylgni með úttekt á Kirkjubæjarskóla. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 14.06.2017. *Kynnt*

Næsti fundur áætlaður fimmtudaginn 13. júlí 2017  
Fundargerð lesin upp og samþykkt  
Fundu slitið kl. 15:40





Eva Björk Harðardóttir

Eva Björk Harðardóttir

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

Sverrir Gíslason

Sverrir Gíslason

Jóhannes Gissurarson

Jóhannes Gissurarson

Bjarki V. Guðnason

Bjarki Guðnason